

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs 2. október 2024:

Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Hver er ástæða þess að stæðum fyrir fatlaða hefur fækkað svo mjög í miðborginni? Er hugsunin sú að halda þessu áfram og loka alveg á fatlaða? Eða er þetta tímabundið og við munum sjá fjölgun aftur? Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að úttekt verði gerð á hver fækkunin hefur verið og hvaða áform eru um áframhaldandi fækkun almennra og **P-merktra stæða?**

Greinargerð

Fatlað fólk er líka fólk og þau langar að komast um borginna án stórfelldra vandræða. Stæðum hefur fækkað tilfínanlega og stæðiskorthafar finna mikið fyrir því. Það er eitt að búa til hvata fyrir ófatlað fólk að nota aðra samgöngu möguleika en hreyfihamlað fólk þarf á einkabílnum að halda og það þarf að geta gengið að bílastæðum vísu. Fatlað fólk hefur ekki mætt miklum skilningi hjá borginni þegar þeir hafa mótmælt þessari þróun. Það er mikil þörf á að stæðiskorthafar geti tengst stafrænu korti þar sem P-stæði í borgarlandinu eru merkt inn, svipað og rafbílaeigendur geta tengst til að sjá næstu hleðslustöðvar.